

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi Fundargerð

115. stjórnarfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi var haldinn þriðjudaginn 24. maí 2022, kl. 11:00 í húsnæði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt: Anna Jóna Kristjánsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir var á fundinum sem varamaður Lilju Bjargar Ágústsdóttur, Silja Steingrímsdóttir.
Inga Dóra Halldórsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður bauð alla velkomna og gengið var til dagskrá.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Framkvæmdastjóri sendi fundarmönnum fundargerðina í tölvupósti 11.03.2022. Ekki hafa borist athugasemdir og telst hún því samþykkt.

2. Ný stjórn skiptir með sér verkum

Vísað í endurskoðaðar samþykktir sem voru samþykktar á aðalfundi Símenntunar 16. mars 2022. Samkvæmt 5. gr. þá kýs stjórn sér formann og skiptir með sér verkum til tveggja ára í senn. Björn Bjarki Þorsteinsson gaf kost á sér sem formaður stjórnar. Engin mótframboð komu fram og var samþykkt samhljóða að BBP yrði formaður.

3. Breytingar á samþykktum Símenntunar – lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra sendi framkvæmdastjóra Símenntunar tölvupóst, dags. 11.05.2022 þar sem vísað er í 14. gr. reglugerðar nr. 140/2008 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, en hún kveður á um að beiðni um breytingu á skipulagsskrá skuli fylgja breytingartillaga ásamt rökstuðningi fyrir henni.

Formanni og framkvæmdastjóra er falið að óska eftir frekari upplýsingum hjá Sýslumanni um hversu ítarlegur rökstuðningurinn þarf að vera og að sama skapi veitir stjórn þeim heimild til að leita álits og aðstoðar lögfræðings ef með þarf.

4. Starfsmannamál

Vegna aukinna verkefna þarf liðsauka í starfsteymi Símenntunar. Vísað er í fjárhagsáætlun fyrir 2022, en gert var ráð fyrir hækkun starfsgildis um 0,7 frá og með 1. september. Það er nú þegar vöxtur í fyrirtækjafraeðslu og stærri verkefnum.

Framkvæmdastjóri leggur til að auglýst verði hálftr starfsgildi frá og með 1. september nk. og það verði auglýst sem starf án staðsetningar á Vesturlandi. Stjórn samþykkti tillögu um að auglýsa starfið.

Framkvæmdastjóri hefur fengið tilboð frá Hagvangi og var það samþykkt.

5. Verkefnin á vorönn 2022 og það sem er framundan

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnin sem eru í gangi og það sem er framundan. Verkefnin eru mörg og fjölbreytt. Framkvæmdastjóri kynnti sérstaklega verkefnið sem Símenntun er í samstarfi við Borgarbyggð um móttöku flóttamanna Bifröst, en aðkoma Símenntunar felst í náms- og starfsráðgjöf, íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir þennan hóp.

6. Önnur mál

- Í 5.gr. endurskoðaðra samþykktar segir: *Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.*
Stjórn fól formanni stjórnar og framkvæmdastjóra að gera drög að starfsreglum stjórnar og verða þær lagðar fram á stjórnarfundum í september nk.
- Dagsetningar fyrir næstu fundum stjórnar:
 - ✓ Miðvikudagur 21. september 2022. Fundurinn verður haldinn í Grundarfirði.
 - ✓ Miðvikudagur 7. desember 2022. Fundurinn verður haldinn í Bifröst.
 - ✓ Miðvikudagur 22. febrúar 2022. Fundurinn verður haldinn í Búðardal.
 - ✓ Aðalfundur Símenntunar verður með sama sniði og síðustu ár, þ.e. haldinn sama dag og aðrar stofnanir í stoðkerfinu, þ.e. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Starfendurhæfing Vesturlands, Sorpurðun og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
- Ársskýrsla stjórnar Kvasis lögð fram til kynningar.

Ekki fleira gert og fundið slitið kl. 11:57.